



Faghópur IV

Fundargerð 9. fundar, Orkustofnun 10. Sept. 2009, kl. 15:30

Mættir: Agnar Olsen, Guðni A. Jóhannesson, Jakob Sigurður Friðriksson, Ómar Örn Ingólfsson og Tómas Þór Tómasson sem ritaði fundargerð.

Forföll: Guðmundur Þóroddsson.

1. **Lýsingar á virkjunarkostum.** Sveinbjörn Björnsson kynnti lýsingar á virkjunarkostum sem hann hefur sett saman í sumar í samstarfi við orkufyrirtæki, Orkustofnun, Ísor og fleiri aðila. Kynninguna sat jafnframt faghópur 2.
2. **Fundargerð síðasta fundar** var samþykkt.
3. **Landsnet.** Ómar mun mæta f.h. hópsins á fyrirhugaðan kynningarfund Landsnets 14. sept. Kanna þarf stöðu vinnu Landsnets fyrir faghópinn um línulagnir vegna nýrra virkjunarkosta.
4. **Mat á afli og nýtingu virkjunarkosta.** Hvað jarðvarmakosti áhrærir skal við 10 MW á hvern ferkílómetra innan skilgreinds viðnámssvæðis. Fá álit Jónasar Ketilssonar, formanns sjálfbærnihóps, á þessu mati. Samþykkt var að kalla eftir mati Magnúsar Sigurðssonar, sem einna gerst þekkir til orkugetu virkjana, á áætlaðri nýtingu virkjunarkosta. Ómar mun ræða við Magnús og afla tilboðs í slíkt mat. Stefnt er að því að fá Magnús á næsta fund hópsins.
5. **Hagkvæmnimat.** Rætt um við hvaða tímasetningu hagkvæmnimat virkjunarkosta skal miðast. Áður hafði verið rætt um janúar 2008 og kallað var eftir hagkvæmniútreikingum samkvæmt því. Nú hallast hópurinn fremur að janúar 2009. Framreikna skal hagkvæmnimat vatnsaflsvirkjana í samræmi við virkjanavísitölu sem Ómar mun afla. Landsvirkjun mun vinna og leggja fram vísitölu varðandi jarðvarmavirkjanir.
6. **Listi yfir virkjunarkosti 2. áfanga.** Lagður var fram nýjasti listi yfir virkjunarkosti sem koma munu til mats. Öllum meðlimum var falið að fara yfir listadrögin og senda athugasemdir til starfsmanns rammaáætlunar. Starfsmaður mun sérstaklega kanna hvaða gögn hafa borist frá OR og samræma skráningar með fulltrúa OR.
7. **Skil á niðurstöðum.** Stefnt er að því að hópurinn skili af sér endanlegri röðun virkjunarkosta í lok október. Röðunin mun aðallega taka mið af áætlaðri

hagkvæmni. Þá skal í skýrslu faghópsins geta um ýmsa krítíska þætti er tengjast tæknilegri útfærslu ýmissa virkjunarkosta. Um er að ræða þætti sem hafa ekki mikil áhrif á hagkvæmni en geta skipt máli á mati á áhrifum gagnvart umhverfi og náttúrufari. T.d. var nefnd seiðaveita við Urriðafossvirkjun.

8. **Kynningarfundur um aðferðafræði.** Stefnt er að opnum kynningarfundum um aðferðafræði faghópa rammaáætlunar þann 25. sept. Guðni mun þar kynna aðferðafræði faghóps 4.
9. **Næsti fundur** verður haldinn mánudaginn 25. sept. kl. 11:00.